NORÐURLANDS EYSTRA

HEILBRIGÐISEFTIRLIT NORÐURLANDS EYSTRA

Kt. 470199-2029 · Gránufélagsgata 6 · 600 Akureyri · Símar: 462 4431 og 896 5396 · Bréfasími: 461 2396 · Netfang: heiey@simnet.is
Auðbrekku 4 · 640 Húsavík · Símar: 464 0527 og 853 3395 · Bréfasími: 464 0575 · Netfang: heilneyst@simnet.is

Akureyri, 13-02-2001

Alþingi
Erindi nr. Þ 126/1266
komudagur 19.2.2001

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
Ágúst Geir Ágústsson, nefndaritari
Alþingi
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tóbaksvarnir, 345. mál.**

Bréfið er einnig sent í tölvupósti.

Á fundi Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra, þann 12. febrúar 2001, var fjallað um frumvarp til laga um tóbaksvarnir, þar sem beiðni hafði komið frá heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis, dags. 29. janúar 2001, um að veitt yrði umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra um það.

Eftirfarandi bókun var gerð:

"Heilbrigðisnefnd tekur undir anda laganna um að auka rétt þeirra sem ekki reykja og tekur undir flest það sem fram kemur í frumvarpinu.
Skiptar skoðanir voru þó meðal nefndarmanna um ákvæði 7.gr. b, að þeir einir sem orðnir eru 18 ára megi selja tóbak.
Töldu sumir að ekki væri ástæða til að breyta tillögunni, en aðrir töldu ákvæðið skerða atvinnufrelsi 16 og 17 ára unglinga og ætti ekki að þurfa þar sem eigandi er ábyrgur og gæti misst söluleyfi".

Þetta tilkynnist hér með
f.h. Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra

Valdimar Brynjólfsson
framkvæmdastjóri